

**Ed.**

**508. Nefndarálit**

[97. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin ræddi frv. á einum fundi. Meiri hl. nefndarinnar litur svo á, að gildandi tollalöggjöf sé undirstaðan undir tolltekjum ríkissjóðs, eins og þær eru áætlaðar á yfirstandandi ári. Ef breyta ætti þeirri löggjöf í einstökum atriðum, án þess að endurskoða löggjöfina í heild og tryggja þá jafnframt ríkissjóði aðra tekjustofna í stað þeirra, sem þannig kynnu að verða felldir niður, yrðu að liggja til þess ríkar ástæður. Telur meiri hl. ekki, að þær ástæður, sem hér eru færðar fram fyrir þessu, séu nægilegar til þess að gerðar séu þær breytingar á tollalöggjöfinni, sem hér er farið fram á. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði fellt. Minni hl. (BrB) vill láta samþ. frumvarpið og gefur því út sérstakt nál.

Alþingi, 18. jan. 1951.

Bernh. Stefánsson,  
form.

Gisli Jónsson,  
fundaskr., frsm.

Karl Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson.